

Nefnd falið að semja lagafrumvarp um stofnfrumurannsóknir


HEILBRIGÐIS- OG tryggingamálaráðherra hefur skipað nefnd til að fjalla um nýtingu stofnfrumna til rannsókna og lækninga og semja frumvarp til laga um stofnfrumurannsóknir. Stofnfrumurannsóknir hófust fyrst á níunda áratugnum. Töluverður árangur hefur náðst nú þegar og eru vonir bundnar við að stofnfrumur geti orðið til þess að lækna ýmsa illvíga sjúkdóma. Stofnfrumurannsóknir vekja hins vegar margvíslegar siðfræðilegar spurningar, einkum þegar notast er við fósturvísa til rannsókna og hafa umræður um þau efni verið ofarlega á baugi meðal margra þjóða á liðnum árum. Hér á landi eru slíkar rannsóknir ekki heimilar samkvæmt lögum nema þær séu liður í glasafrjógungar meðferð eða greiningu arfgengra sjúkdóma í fósturvísunum sjálfum. Að öðru leyti er ekki fjallað um stofnfrumurannsóknir í íslenskum lögum.

Formaður nefndarinnar er Sveinn Magnússon skrifstofustjóri í heilbrigðisráðuneytinu og aðrir nefndarmenn Sigurður Guðmundsson landlæknir, Magnús Karl Magnússon læknir, Björn Guðbjörnsson formaður Vísindasíðanefndar, Þórarinn Guðjónsson frumulíffræðingur, Ingileif Jónsdóttir ónæmisfræðingur, Vilhjálmur Árnason formaður stjórnar Siðfræðistofnunar, Sólveig Anna Bóasdóttir guðfræðingur og Jóhann Hjartarson lögfræðingur. Starfsmaður nefndarinnar er Ágúst Geir Ágústsson, lögfræðingur. Nefndinni er ætlað að ljúka störfum í lok mars 2006.

(Frétt frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu.)

Villa í yfirlýsingu

Í SÍÐASTA tölublaði Læknablaðsins var birt sameiginleg yfirlýsing lækna og lyfjaiðnaðar um samskipti þessara aðila. Meinleg þýðingarvilla skaut upp kollinum í yfirlýsingunni og því verður hún birt aftur í heild í desemberblaðinu.



Líf af lífi

PRÁTT FYRIR miklar umræður um erfðafræði síðustu ár er almenn þekking á efninu sumpart brotakennd. Nú er komin út bókin *Líf af lífi – gen, erfðir og erfðatækni* þar sem höfundurinn, Guðmundur Eggertsson prófessor í líffræði við Háskóla Íslands, rekur rannsóknir á erfðaefninu, skýrir hvernig genið er gert úr garði og hvernig það starfar í lifandi frumu. Sagt er frá þeim umdeildu rannsóknaraðferðum sem kenndar eru við erfðafræði og frá hugmyndum manna um að nýta þær aðferðir til lækninga og jafnvel breytinga á erfðaeefni mannsins.